

Ljónið og asnarnir

Eftir H.W.L. Poonja



Dag einn á Indlandi var Tobi, á leið með þvottinn sinn niður að á til að þvo. Á leiðinni sá hann veiðimann skjóta ljón. Veiðimaðurinn fláði ljónið og fór síðan í burt. Tobi sá að ljónynjan hafði verið hvolpafull og fætt lítinn ljónsunga. Hann tók ljónsungann með sér heim og ól hann upp.

Þegar ljónsunginn var orðinn nógu stór fékk hann að vera úti og leika sér við asnana sem Tobi átti. Fljótlega fór Tobi líka að setja þvott á bakið á ljóninu og leiða það með ösnunum að ánni. Dag einn kom hungrað ljón út úr skóginum og sá asnahjörðina, en asnar eru matur sem ljónum hugnast. En hvað var þetta? Í miðri asnahjörðinni var ljón að éta gras. Hann stökk til litla ljónsins til að spyrja það hvað það væri eiginlega að gera þarna. Asnarnir hlupu í burtu, ofsahræddir. Stóra ljónið kom að litla ljóninu sem hrópaði skelfingu lostið: „Ó, kæra ljón, ekki éta mig! Leyfðu mér að fara til bræðra minna, asnanna!“ Þá sagði stóra ljónið: „Hvað ertu að segja, þú ert ljón!“

„Nei, kæra ljón, ég er asni, leyfðu mér að fara“.

Þá tók stóra ljónið í hnakkadrambið á litla ljóninu og bar það niður að ánni. „Horfðu í vatnið, sérðu andlitin okkar?“ „Já,“ sagði litla ljónið, „við erum eins.“

„Já, og opnaðu nú ginið og öskraðu!“ Og litla ljónið opnaði ginið og öskraði!

